

Mál nr. 166/2015
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.

Vinnuslys þann 19. febrúar 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29. apríl 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. maí 2015 ásamt gögnum, t.d. höfnunarbréf V dags. 30. maí 2014, tilkynningu vátryggingartaka til Sjúkratrygginga Íslands dags. 18. mars 2010 og til Vinnueftirlitsins dags. 19. febrúar 2010.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hlotið líkamstjón þegar hann féll milli gáms, sem hann var að mála, og vinnupalls sem hann stóð á og notaði til að undirbúa málningarvinnuna. M lýsir atvikum þannig að hann hafi notað vinnupall sem hafi verið án fallvarna og á hjólum og engar festingar á hjólabúnaði hans. Pallurinn hafi runnið undan honum þegar hann kveðst hafa viðhaft þá vinnuaðferð sem sem vinnuveitandi hans hafi uppálagt. Í tilkynningu vátryggingartaka um atvikið til Sjúkratrygginga Íslands kemur fram eftirfarandi lýsing: „Var að vinna á hjólapalli við frystigám, þegar hann féll á milli gáms og vinnupalls og lendir á gólfi. Var að undirbúa efst á hlið frystigáms og ætlaði að ýta palli eitthvað til þegar hann féll á milli. Viðkomandi hafði ekki sett bremsur á hjól pallsins áður en hann fór upp.“ Samhljóða tilkynning er til Vinnueftirlitsins. Skýrsla Vinnueftirlitsins vegna málsins, þar sem fyrimælum var beint til X um að hjólapallar eigi alltaf að vera í bremsu þegar unnið er í þeim. voru afturkölluð með bréfi dags. 6. febrúar 2014 en þó vísað til samhljóða ákvæðis í 11. gr. reglna nr. 331/1998 um röraverkpalla.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins sem hann hlaut við að við að fara eftir verklagi vinnuveitanda síns. Það megi rekja tjón hans til þess að hvorki hafi verið fallvarnir á vinnupalli eða búnaður sem hafi verið nógu traustur til að stöðva hjól pallsins. M bendir á að það hafi verið á ábyrgð vinnuveitanda að sjá til þess að búnaður væri nægilega traustur og þar sem svo hafi ekki verið beri hann skaðabótaábyrgð vegna tjóns M.

V vísar til upplýsinga frá X þar sem komi fram að fallvarnir hafi verið á vinnupallinum á þeirri hlið sem sneri frá gámnum og ekki komi annað fram í gögnum málsins en að pallurinn uppfylli ákvæði reglna nr. 331/1989. V bendir einnig á að upplýsingar frá X bendi til þess að M hafi verið að ýta sér áfram á pallinum í stað þess að fara niður á gólf og ýta pallinum þannig milli staða. V telur þannig að tjón M megi fyrst og fremst rekja til athafna hans sjálfs en ekki atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að líkamstjón hans sé rakið til atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandi hans (X) ber skaðabótaábyrgð á. M lýsir atvikum þannig að pallurinn hafi runnið undan honum og vegna þess að hann hafi ekki verið búin nægilega góðum bremsubúnaði eða fallvörnum. Þegar litið er til gagna málsins, þ.á.m. þeirra reglna sem gilda um röravinnupalla nr. 331/1989, verður ekki slegið föstu að sá vinnupallur sem M vann við þegar hann slasaðist hafi verið vanbúinn. Verður heldur ekki sýnt af sömu gögnum að slys M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandi hans hefði getað háttáð öðruvísi. Á meðan slík atvik eða aðstæður eru ekki sönnuð telst greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík 16. júní 2015.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.